

# STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1992

---

---

Nr. 368

736

13. október 1992

## REGLUGERÐ

### um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.

#### 1. gr.

Frá og með 16. október 1992 til og með 31. desember 1992 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður af Staðarbergi.

#### 2. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. október 1992 til og með 31. janúar 1993, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1993 til og með 30. apríl 1993 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vesta markast svæðið af 23°42'V og að norðan 64°20'N.

#### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. október 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*